

Nd.

540. Frumvarp til laga

[251. mál]

um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Jón Skaftason, Garðar Sigurðsson,
Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason, Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að viðgangi og hagkvæmustu nýtingu fiskstofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.

3. gr.

Íslenskum skipum er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á þeim veiðisvæðum og veiðitímum, sem nú verða greind, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum. Þegar rætt er um viðmiðunarlínu er átt við línu, sem dregin er umhverfis landið á milli eftirtalinna staða:

	N.br.:	V.lgd.:
1. Horn (grp. 1)	66°27'4	22°24'3
2. Selsker (viti)	66°07'5	21°30'0
3. Ásbúðarrif (grp. 2)	66°08'1	20°11'0
4. Siglunes (grp. 3)	66°11'9	18°49'9
5. Flatey (Skjálfaða) (grp. 4)	66°10'3	17°50'3
6. Mánareyjar (Lágey) (grp. 5)	66°17'8	17°06'8
7. Rauðinúpur (grp. 6)	66°30'7	16°32'4
8. Rifstangi (grp. 7)	66°32'3	16°11'8
9. Hraunhafnartangi (grp. 8)	66°32'2	16°01'5
10. Langanes (grp. 9)	66°22'7	14°31'9
11. Skálatáarsker	65°59'7	14°36'4
12. Almenningsfles	65°33'1	13°40'5
13. Glettinganes (grp. 10)	65°30'5	13°36'3
14. Norðfjarðarhorn (grp. 11)	65°10'0	13°30'8
15. Gerpir (grp. 12)	65°04'7	13°29'6
16. Hólmur (Seley) (grp. 13)	64°58'9	13°30'6
17. Skrúður (Þursi) (grp. 15)	64°54'1	13°36'8
18. Papey (viti)	64°35'5	14°10'5
19. Hvítugar (grp. 18)	64°23'9	14°28'0

	N.br.:	V.lgd.:
20. Stokksnes (grp. 19)	64°14'1	14°58'4
21. Hrollaugseyjar (grp. 20)	64°01'7	15°58'7
22. Ingólfshöfði (grp. 22)	63°47'8	16°38'5
23. Hvalsíki (grp. 23)	63°44'1	17°33'5
24. Meðallandssandur I (grp. 24)	63°32'4	17°55'6
25. Meðallandssandur II (grp. 25)	63°30'6	17°59'9
26. Mýrmatangi (grp. 26)	63°27'4	18°11'8
27. Köt lutangi (grp. 27)	63°23'4	18°42'8
28. Lundadrangur (grp. 28)	63°23'5	19°07'5
29. Bakkafjara (skúr við sæstreng)	63°32'3	20°10'9
30. Knarrarós (viti)	63°49'4	20°58'6
31. Hafnarnes	63°50'6	21°23'5
32. Selvogur (viti)	63°49'3	21°39'1
33. Krísuvíkurborg (viti)	63°49'8	22°04'2
34. Reykjanes (aukaviti)	63°48'0	22°41'9
35. Önglabrjótsnef	63°49'0	22°44'3
36. Stafnes (viti)	63°58'3	22°45'5
37. 1. sjm. r/v V af Garðskagavita	64°04'9	22°43'6
38. Góltur (Hellnagóltur)	64°44'2	23°35'6
39. Malarrif (viti)	64°43'7	23°48'2
40. Dritvíkurtangi	64°45'0	23°55'3
41. Skálasnagi	64°51'3	24°02'5
42. Öndverðarnes (viti)	64°53'1	24°02'7
43. Skor (viti)	65°24'9	23°57'2
44. Bjargtangar (grp. 33)	65°30'2	24°32'1
45. Kópanes (grp. 34)	65°48'4	24°06'0
46. Barði (grp. 35)	66°03'7	23°47'4
47. Straumnes (grp. 36)	66°25'7	23°08'4
48. Kögur (grp. 37)	66°28'3	22°55'5
49. Horn (grp. 38)	66°27'9	22°28'2

Þar sem í lögum þessum er rætt um lengd skipa, er miðað við mestu lengd samkvæmt mælingum Siglingamálastofnunar ríkisins.

Þar sem í lögum þessum er rætt um skip 39 metrar að lengd og minni, eru undanskildir skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri.

A. NORÐURLAND.

- A1. Frá línu réttvísandi norður frá Horni (vms 1) að línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) er heimilt allt árið að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.
- A2. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grimseyjar.
- A3. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar (67°08'8 N, 18°40'6 V).

B. AUSTURLAND.

- B1. Frá línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) að línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) er heimilt allt árið að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.
- B2. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 5 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks (64°35'8 N, 13°16'6 V).

C. SUDAUSTURLAND.

- C1. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.
- C2. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) og réttvísandi suður af Ingólfshöfða (vms 22) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. maí—31. janúar utan línu, sem dregin er 9 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.
- C3. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22) og réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 15. september— 31. janúar utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.
- C4. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.
- C5. Frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd og minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

D. SUÐURLAND.

- D1. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V) er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.
- D2. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður úr Lundadrang (vms 28) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey, eru skipum, sem eru 39 metrar að lengd og minni, heimilrar veiðar með botnvörpu og flotvörpu allt árið.
- D3. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V) í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.
- D4. Á tímabilinu 1. ágúst—31. desember er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V).
- D5. Frá línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd og minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 16. maí—31. desember utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.
- D6. Frá línu réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- D7. Öll veiði er bönnuð allt árið á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Svæði þetta takmarkast að austan af

línu, sem dregin er þannig, að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan og að vestan takmarkast það af línu, sem dregin er þannig, að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman. Ennfremur er öll veiði hönnuð á svæði, þar sem sæsímastrengir liggja frá Vestmannaeyjum til útlanda, á 200 metra belti beggja megin við strengina.

E. REYKJANES- OG FAXAFLÓASVÆÐI.

- E1. Utan línu, sem dregin er 5 sjómíllur utan við Geirfugladrang úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt í 6 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 41), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.
- E2. Á tímabilinu 1. nóvember—31. desember er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á svæði, sem að sunnan markast af línu dreginni réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms 34) og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Reykjanesvita (vms 35).
- E3. Frá línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 41) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.

F. BREIÐAFJÖRDUR.

- F1. Utan línu, sem dregin er frá punkti í 6 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 41), þaðan í punkt $65^{\circ}05'0$ N og $24^{\circ}27'5$ V, þaðan í punkt $65^{\circ}05'0$ N og $24^{\circ}42'5$ V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 44), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.
- F2. Utan línu, sem dregin er frá punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 41) í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 44) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.
- F3. Á tímabilinu 1. júní—31. desember er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 41) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms 42) og Skorarvita (vms 43). Að norðan takmarkast svæði þetta af $65^{\circ}16'0$ N.brd.

G. VESTFIRÐIR.

- G1. Frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 44) að línu réttvísandi norður frá Horni (vms 49) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum í takmarkaðan tíma á tilgreindum veiðisvæðum, ef hafís lokar venjulegum veiðisvæðum innan fiskveiðilandhelginnar, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og takmarka þannig veiðiheimildir þær, sem veittar eru í lögum þessum, með því að banna notkun ákveðinna gerða af veiðarfærum á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma.

6. gr.

Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talist, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna við því. Er ráðuneytinu heimilt með tilkynningu að banna allar togveiðar á þeim svæðum, svo og aðrar veiðar, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, þar sem veiðar með botnvörpu og flotvörpu eða fleiri gerðum veiðarfæra eru bannaðar á tilteknum svæðum í íslenskri fiskveiðilandhelgi, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir.

8. gr.

Stefnt skal að því, að auk eftirlits Landhelgisgæslunnar skuli sérstök eftirlitsskip, sem gerð verði út af Hafrannsóknastofnuninni, fylgjast með fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni í því skyni að koma í veg fyrir óhóflegt smáfiskadráp. Skipstjóri hvers gæsluskipa skal vera sérstakur trúnaðarmaður sjávarútvegsráðherra og skal ráðinn af honum í samráði við Hafrannsóknastofnunina. Skipstjórar þessir hafi reynslu af fiskveiðum, þ. á m. togveiðum og séu staðkunnugir á viðkomandi eftirlitssvæði.

Þá getur ráðherra sett sérstaka trúnaðarmenn um borð í veiðiskip eftir því sem þurfa þykir og er skipstjórum veiðiskipa skylt að veita eftirlitsmönnum þessum þá aðstoð og aðstoðu um borð í skipum sínum, sem nánar er ákveðið í erindisbréfum útgefnum af ráðuneytinu til handa eftirlitsmönnum þessum.

Hvenær sem skipstjórar eftirlitsskipa, leiðangursstjórar rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar eða sérstakir trúnaðarmenn sbr. 2. mgr. verða varir við, að um verulegt magn af smáfiski sé að ræða í afla skips eða skipa, geta þeir lokað ákveðnu svæði, sem þeir afmarka í þessu skyni, fyrir öllum togveiðum í allt að tvo sólarhringa.

Skyndilokanir skv. 3. mgr. taka gildi um leið og þær eru tilkynntar í útvarpi eða í fjarskiptatæki af viðkomandi trúnaðarmönnum ráðherra eða leiðangursstjórum.

Hafrannsóknastofnuninni og sjávarútvegsráðuneytinu skulu tilkynntar forsendur slíkra skyndilokana um leið og ákvörðun þar að lútandi hefur verið tekin. Ráðuneytið ákveður þá í samráði við Hafrannsóknastofnunina innan tveggja sólarhringa hvort og þá hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til verndunar ungfisks á viðkomandi svæði.

9. gr.

Starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða skulu fylgjast með samsetningu landaðs sjávarafla og gera ráðuneytinu þegar viðvart, er þeir verða varir við ólöglegt magn smáfisks í afla.

Skipstjórum veiðiskipa er skylt að veita þær upplýsingar um samsetningu afla í afladagbók, sem Fiskifélag Íslands segir fyrir um á hverjum tíma.

10. gr.

Þegar rökstutt álit Hafrannsóknastofnunarinnar liggur fyrir um það, að einstakir fiskstofnar séu hættulega ofveiddir og viðkoma þeirra sé í yfirvofandi hættu,

getur ráðherra í samráði við hana og að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands, sett reglur um hámark þess afla, sem veiða má af hverri fisktegund á tilteknu tímabili, vertíð eða heilu ári.

11. gr.

Nú er togskip í fiskveiðilandhelgi þar sem því er óheimil veiði og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs, þannig að toghlerar séu í festingum og botnvörpur bundnar upp.

12. gr.

Ráðherra setur reglur um hvað eina, sem snertir framkvæmd laga þessara svo sem um gerð, útbúnað og frágang veiðarfæra, um lágmarksmöskvastærðir netja og um lágmarksstærðir þeirra fisktegunda, sem landa má. Skulu reglur um þessi atriði aldrei ganga skemmra en alþjóðasamþykktir um sama efni, sem Ísland hefur eða mun staðfesta fyrir sitt leyti.

13. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilar samkvæmt sérstökum eða almennum leyfum ráðherra. Getur ráðherra ákveðið, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 20. desember eða skemmri tíma. Leyfi til dragnótaveiða samkvæmt slíkri ákvörðun má veita íslenskum skipum, sem eru 20 metrar að lengd og minni. Ráðherra setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingunni, sem honum þykja nauðsynleg.

14. gr.

Veiðar á rækju, humri, síld, loðnu, spærlingi og kolmunna, í botnvörpu og flotvörpu skulu háðar sérstökum eða almennum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi eða úthlutun þeirra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

Ráðherra getur einnig ákveðið í reglugerð, að aðrar veiðar í tiltekin veiðarfæri skuli háðar sérstökum eða almennum leyfum.

15. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. gr. er ráðherra heimilt að veita rannsóknaskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu, flotvörpu og dragnót í rannsóknaskyni í fiskveiðilandhelginni á svæðum, sem annars eru lokuð þessum veiðarfærum.

Ennfremur er ráðherra heimilt að veita leyfi á annars lokuðum svæðum til veiðitilrauna með botnvörpu og flotvörpu á fisktegundum, sem ekki hafa verið hagnýttar, enda fari slíkar veiðitilraunir fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

16. gr.

Veiðiheimildir samkvæmt 13.—15. gr. skulu jafnan vera tímabundnar, og skal ávallt leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar áður en þær eru veittar. Auk þess skal ráðherra leita umsagnar Fiskifélags Íslands eða annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til.

17. gr.

Brot gegn 2. gr., 3. gr. og 5.—8. gr. laga þessara varða sektum svo sem hér segir:

1. Ef skip er 39 metrar að lengd eða minna, skulu sektir nema 4000—20 000 gullkrónum.
2. Ef skip er meira en 39 metrar að lengd, skulu sektir nema 14 000—40 000 gullkrónum.

Allar sektir samkvæmt þessari grein eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4, 11. apríl 1924.

Brot samkvæmt framansögðu skulu og varða upptöku á veiðarfærum, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innanborðs. Nú næst ekki í skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki sé höfðað refsímál út af brotum og þótt refsímáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

Leggja má lögöld á skipið og selja það að undangenginni aðför til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

18. gr.

Brot gegn 11. gr., reglum settum samkvæmt 10. og 12. gr. eða ákvæðum leyfisbréfa settum samkvæmt 13.—15. gr., varða sektum 2000—14 000 gullkr., sbr. lög nr. 4, 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla eftir því sem við á. Ef brot falla ekki undir ákvæði þeirra laga skal um upptöku afla og veiðarfæra fara svo sem greinir í 17. gr., ef um ítrekað brot er að ræða.

Nú er ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum innan fiskveiðimarka né undirbúningur gerður í því skyni og má ljúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum 2000—14 000 gullkrónum, samanber lög nr. 4, 11. apríl 1924.

19. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við ólöglegar botnvörpu- eða flotvörpuveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 2000—14 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4, 11. apríl 1924. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem er í togveiðiskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að ólöglegum veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á veiðiskipinu.

20. gr.

Skipstjóra, er gerir sig sekan um ítrekað brot á lögum þessum, má auk sektarhegninga samkvæmt 17. gr., 18. gr. 1. mgr. og 19. gr. láta sæta fangelsi allt að 6 mánuðum. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta sömu refsingu fyrir fyrsta brot á greinum þessum.

Einnig er heimilt að svipta skipstjóra skipstjórnarréttindum í tiltekinn tíma fyrir ítrekuð brot á lögum þessum, svo og svipta skip rétti til tiltekinnna veiða í allt að 30 daga.

21. gr.

Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði upptækra verðmæta rennur í Landhelgisjórð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seka veiðarfæri, og afla því aðeins, að knýjandi nauðsyn sé fyrir hendi.

22. gr.

Um mál þau, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

23. gr.

Frá gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 102, 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni og síðari lög um

breytingar á þeim lögum, sbr. lög nr. 14, 26. mars 1974 og lög nr. 72, 14. október 1975. Þó halda gildi sínu lög nr. 73, 5. desember 1975. Ennfremur halda gildi sínu reglugerðir þær, sem settar hafa verið samkvæmt ofangreindum lögum.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi

Greinargerð.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, skal sjávarútvegsráðuneytið láta endurskoða þau lög fyrir 31. desember 1975.

Vegna þessa ákvæðis reit sjávarútvegsráðherra stjórn Fiskifélags Íslands eftirfarandi bréf 9. desember 1974:

„Samkvæmt 18. gr. laga nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni skal ráðuneytið láta endurskoða þau lög fyrir 31. desember 1975. Þykir tímabært að hefja nú endurskoðun þessa og er það ósk ráðuneytisins að Fiskifélag Íslands veiti forystu og skipi 5 manna nefnd í þessu skyni. Væru í þeirri nefnd fulltrúar frá LIÚ-bátadeild, FÍB, FFSÍ, Sjómannasambandi Íslands auk fulltrúa Fiskifélagsins, sem yrði formaður nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar yrði að halda fundi með sjómönnum og útvegsmönnum um land allt, svo og samtökum þeirra og öðrum hagsmunasamtökum, og móta síðan drög að tillögum um breytingar á lögum nr. 102/1973 að fengnum sjónarmiðum ofangreindra aðila. Er þess óskað að nefndin hefji starfið upp úr næstu áramótum og ljúki því fyrir vorið 1975.

Ráðuneytið mun greiða kostnað vegna starfa nefndarinnar.“

Þá tilkynnti ráðherra, að hann myndi fara þess á leit við þingflokkana, að þeir tilnefndu menn í nefndina, þegar fyrir lögju drög að tillögum um breytingar á lögum nr. 102/1973 og þeim reglugerðum um fiskveiðar, sem nefndin óhjákvæmlega mundi jafnframt endurskoða.

Samkvæmt tilnefningu þeirra samtaka, sem greind voru í bréfinu voru eftirgreindir menn skipaðir í nefndina: Már Elisson frá Fiskifélagi Íslands, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Marteinn Jónasson frá Félagi ísl. botnvörpukipaeigenda, Gunnar Hallgrímsson frá Sjómannasambandi Íslands, Ingólfur Stefánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Ólafur Björnsson frá Landsambandi ísl. útvegsmanna.

Nefndin hóf störf í ársbyrjun 1975. Var Guðmundur Ingimarsson, fulltrúi hjá Fiskifélagi Íslands, ráðinn ritari nefndarinnar, jafnframt veitti Ingimar Einarsson, lögfræðingur nefndinni aðstoð í lögfræðilegum efnum, en Ingimar var varamaður Marteins Jónassonar í nefndinni.

Nefndin ritaði forystumönnum samtaka sjómanna og útvegsmanna um land allt bréf, þar sem þess var óskað, að tilnefndir væru fulltrúar með umboði til þess að ræða við nefndina og gera tillögur um efni nýrra laga og reglugerða um fiskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Jafnframt var þess farið á leit við erindreka Fiskifélags Íslands og formenn fjórðungssamtaka, að þeir tilnefndu fulltrúa og hefðu forgöngu um að kalla saman fundi.

Nefndin ákvað að fara tvær ferðir umhverfis landið, þá fyrri til að kynna sjónarmiðum og hina síðari til þess að kynna sjónarmið sín og sjónarmið þau, sem fram hefðu komið hjá fulltrúum einstakra landshluta í fyrri yfirferðinni. Ennfremur voru ráðnir fundir með fiskifræðingum, forstjórum Landhelgisgæslunnar og Framleiðslueftirlits sjávarafurða og fleiri aðilum.

Nefndin hóf fundi með landshlutafulltrúum hinn 15. febr. 1975. Voru haldnir fundir í Keflavík, Reykjavík, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri, Reyðarfirði og Vestmannaeyjum. Þá voru haldnir fundir á Hornafirði og Þorlákshöfn og með Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Ægi, svo og Útvegsmannafélagi Reykjavíkur samkvæmt sérstakri beiðni þessara aðila.

Á þessum fundum voru settar á laggirnar samstarfsnefndir fyrir hvern landshluta, sem áttu sæti í fulltrúar sjómanna, útvegsmanna og vinnslustöðva, auk forystumanna fjórðungssambanda og deilda Fiskifélagsins. Var hlutverk þeirra að ganga frá álitsgjörðum og tillögum til nefndarinnar um ákvæði nýrra laga og reglugerða.

Álitserðir þessar bárust nefndinni almennt í apríl og maí. Eins og við mátti búast, kom í ljós ágreiningur um marga þætti málsins, einkum um efni reglugerða. En þó mátti og merkja allviðtæka samstöðu um þýðingarmikil atriði.

Eftir að nefndin hafði fengið þessar athugasemdir og eftir fund með fiskifræðingum tóku nefndarmenn til við að samræma hinar ýmsu álitserðir, er fram höfðu komið, draga þar af ályktanir og móta drög að sjálfstæðum tillögum nefndarinnar.

Hinn 2. júlí hófst önnur ferð nefndarinnar til viðræðna við fulltrúa landshlutasamtaka. Farið var í hvern landshluta, en auk þess fóru einstakir nefndarmenn til funda víðar, eftir beiðni, til að útskýra hugmyndir nefndarinnar um efni og túlkun nýrra laga um fiskveiðar.

Þá voru haldnir tveir fundir til viðbótar með sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar. Lögðu þeir fram skýrslu hinn 29. ágúst, sem síðar var endurskoðuð og lögð fram nokkuð breytt 13. október s.l. Þá hafði nefndin fyrir nokkru lokið við að semja tillögur að nýjum lögum og reglugerðum.

Með bréfi dags. 30. september 1975, skipar sjávarútvegsráðherra síðan eftirgreinda menn í nefndina samkvæmt tilnefningu þingflokkanna:

Guðlaugur Gíslason, frá Sjálfstæðisflokknum,
Sverrir Hermannsson, frá Sjálfstæðisflokknum,
Jón Skaftason, frá Framsóknarflokknum,
Steingrímur Hermannsson, frá Framsóknarflokknum,
Garðar Sigurðsson, frá Alþýðubandalaginu,
til vara Lúðvík Jósepsson,
Jón Ármann Héðinsson, Alþýðuflokknum,
Karvel Pálmason, Samtökum frjálslyndra og vinstri manna.

Þá skipaði hann Jón B. Jónasson, fulltrúa í sjávarútvegsráðuneytinu ritara nefndarinnar.

Eftir að fulltrúar þingflokka voru skipaðir í nefndina, hélt nefndin á tímabilinu 4. nóvember 1975 til 17. febrúar 1976 24 fundi, þar sem til umræðu voru þau drög að frumvarpi til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og að þeim reglugerðum, sem undirbúningsnefndin hafði samið.

Kom þegar í ljós allmikill skoðanamunur í nefndinni um ýmis mikilvæg atriði bæði milli alþingismanna og undirbúningsnefndarinnar og einnig meðal alþingismannanna sjálfra. Leiddi þetta til þess, að samstaða náðist ekki um ýmis veigamikil atriði, og var því afl atkvæða oft að ráða hvernig einstökum atriðum var skipað í frumvarpi því til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, sem síðan var sent til ráðherra ásamt greinargerð í lok febrúar 1976.

Í lok desember 1975 hafði nefndin gert ýmsar tillögur um breytingar á gildandi reglugerðum um fiskveiðimál og hefur ráðherra þegar farið eftir flestöllum tillögum nefndarinnar um þau efni og gefið út reglugerðir þar að lútandi. Breytingar þessar eru:

1. Breytingar á lágmarksstærð þorsks, ýsu og ufsa, sem landa má.
2. Takmarkanir á þorskveiðum með flotvörpu.

3. Veiganiklar breytingar á friðunarsvæðum fyrir Norðausturlandi. Ennfremur ný friðunarsvæði umhverfis Hvalbak, í Berufjarðarál og Papagrunni og fyrir Vesturlandi.
4. Breyting á hrygningarsvæðum á Selvogsbanka og nýtt hrygningarsvæði í Faxaflóa.
5. Breytingar á linu- og netasvæðinu fyrir Suður- og Suðvesturlandi á vertíðinni 1976.
6. Stækkun á leyfilegri lágmarksmöskvastærð í botnvörpu, flotvörpu og dragnót.

Er frumvarp fiskveiðilaganefndar barst ráðuneytinu í lok febrúar 1976 var ljóst að einkum var ágreiningur um þrjú atriði í frumvarpinu. Eitt þeirra varðandi hina formlegu hlið þess, hvort hanna bæri togveiðar í fiskveiðilandhelginni og síðan veita tilgreindar heimildir eins og gert er í lögum 102/1973, eða hvort togveiðar skyldu almennt heimilar og síðan hannaðar á tilgreindum svæðum. Hin tvö atriðin voru efnisatriði og varðaði annað skipulag leyfisbundinna veiða en hitt, hvernig standa bæri að skyndilokunum sbr. 8. gr. Ennfremur voru ýmis lögfræðileg vafaatriði varðandi heimildir trúnaðarmanna ráðherra og fiskifræðinga til lokunar svæðum.

Voru því haldnir í ráðuneytinu bréf fundir með alþingismönnum nefndarinnar, formanni hennar, ráðherra og starfsmönnum ráðuneytisins. Ennfremur var leitað álits prófessors Gauks Jörundssonar um lögfræðileg atriði varðandi formlega uppsetningu kaflans um togveiðiheimildir og heimildirnar til skyndilokana.

Eftir fundi þessa og að fengnu áliti prófessors Gauks Jörundssonar var ákveðið að leggja frumvarpið fram í þeirri mynd, sem það er nú komið hér í.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu breytingum á gildandi lögum, sem felast í frumvarpinu. Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

1. Frumvarp þetta er að því leyti viðtækara en gildandi lög nr. 102/1973, að það tekur til allra veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, en lög nr. 102/1973 taka eingöngu til veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót. Ráðherra sæti því með stoð í frumvarpi þessu sbr. 12. gr., selt reglur um allar tegundir veiða, en samkvæmt gildandi lögum verður að setja reglur um aðrar veiðar en með botnvörpu, flotvörpu og dragnót með stoð í lögum nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins. Þetta breytir að vísu ekki miklu um heimildir ráðherra til stjórnunar fiskveiða, en er til mikillar samræmingar einkum með tilliti til refsinga fyrir brot á reglugerðum. Samkvæmt gildandi lögum er t. d. refsiramma fyrir brot á reglugerð um lágmarksstærðir fisktegunda ekki hinn sami eftir því hvort veitt er með botnvörpu, flotvörpu og dragnót eða í önnur veiðarfæri. Eru lágmarks- og hámarkssektir samkvæmt lögum 44/1948 miklu lægri.

2. Allverulegar breytingar verða, samkvæmt frumvarpi þessu, á togveiðiheimildunum og vísast í því efni til athugasemda við 3. gr.

Varðandi togveiðiheimildir íslenskra skipa eru í frumvarpi þessu tvö nýmæli. Hið fyrra er það, að lagt er til að togveiðiheimildir skipa verði miðaðar við mestu lengd skipa (samkvæmt mælingum Siglingamálastofnunar ríkisins) í stað þess að miða við stærð eftir brúttórúmllestum. Er þetta læst til vegna þess, að samkvæmt núgildandi mælingareglum er hægt að koma við ýmsum ráðum, sem engu skipta um afkastagetu skipsins, til þess að tvö skip, sem eru iafnlöng, djúp og breið, mælist miög misstór í brúttórúmllestum talið. Eru slíkar „niðurmælingar“ talsvert algengar. Tíðkast að miða veiðiheimildir skipa frekar við lengd en brúttórúmllestir í öðrum löndum. Er mjög óeðlilegt, að einn aðili geti tryggt sér aukin veiðiréttindi með slíkum niðurmælingum umfram annan, sem á nánast sams konar skip. Er hér lagt til að í stað þess að miða við skip:

105 brúttórúmllestir komi 26 metrar að lengd
350 brúttórúmllestir komi 39 metrar að lengd

og í stærsta flokki yrðu síðan skip lengri en 39 metrar (í gildandi lögum skip stærri en 350 brúttórumlestir) og skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri sbr. 2. mgr. 2. gr. 1. 102/1973.

Annað nýmæli í 3. gr. frumvarpsins er, að við ákvörðun togveiðiheimilda er ekki stuðst við þær grunnlínur eða grunnlínupunkta, sem liggja til grundvallar fiskveiðilandhelginni sjálfri, heldur er dregin ný viðmiðunarlína milli tilgreindra lögbundinna viðmiðunarstaða. Þykir þetta henta betur við margar ákvarðanir um fiskveiðarnar sjálfar, og ennfremur má telja, að það sé eðlileg afleiðing af því, að togveiðiheimildirnar eru lögbundnar, að viðmiðunarlínurnar, sem liggja þeim til grundvallar, séu einnig lögbundnar, því annars myndi breyting á grunnlínupunkti í reglugerð 299/1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands leiða til þess, að togveiðiheimildirnar í frumvarpi þessu breyttust.

3. Verulegt nýmæli felst í 8. gr. frumvarpsins um skyndilokanir veiðisvæða. Nýlegar upplýsingar um ástand fiskistofnanna við Ísland, ásamt þeim atburðum, er gerst hafa á viðkvæmum fiskimiðum, er fiskiskip hafa stundað stórfellt smáfiskadráp, hafa valdið því, að mjög hefur verið um það rætt, að taka þyrfti upp skjót-virkt eftirlit á fiskimiðunum í því skyni að koma í veg fyrir slíka atburði. Hefur starf nefndarinnar beinst mjög að þessu vandamáli og voru allir nefndarmenn sam-mála um það, að tilgreindum aðilum yrði gert heimilt að stöðva veiðar á tilgreind-um svæðum, ef þeir yrðu varir við smáfiskadráp. Sjá nánar í athugasemd við 8. gr. Nánar verður gerð grein fyrir þessum breytingum og öðrum í athugasemdum við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þetta upphafsákvæði frumvarpsins er nýmæli og jafnvel þótt það hafi ef til vill ekki mikið lagalegt gildi, þykir rétt, að í upphafi komi fram skýrt og ótvírætt, hvert sé meginstefnumark frumvarpsins.

Um 2. gr.

Þessi grein er tekin óbreytt úr gildandi lögum, og gefur ekki tilefni til sérstakra athugasemda, frekar en gert er grein fyrir í almennu greinargerðinni um uppsetningu kaflans um togveiðiheimildir.

Varðandi 1. mgr. 2. gr. um veiðar erlendra skipa, skal þó vakin athygli á, að í 12. gr. laga 33/1922 segir: „Með lögum þessum eru ekki skert á neinn hátt réttindi þau, sem samkvæmt ríkjasamningum kynnu að vera veitt öðrum.“

Um 3. gr.

Í þessari grein eru tilgreind þau veiðisvæði og veiðitimar, sem íslenskum skipum er heimilt að stunda veiðar með botnvörpu og flotvörpu innan íslensku fiskveiðilandhelginnar.

Uppsetning þessa kafla er hin sama og í lögum 102/1973 sbr. almenna greinargerð. Vísað er ennfremur til almennrar greinargerðar varðandi viðmiðunarlínur og veiðiheimildir skipa eftir stærðarflokkum.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim breytingum á gildandi lögum, sem felast í frumvarpinu varðandi togveiðiheimildir íslenskra skipa.

A. Norðurland.

Í frumvarpi þessu er togveiðiheimildum breytt nokkuð frá því, sem nú er. Eru breytingarnar einkum fólgnar í aukinni friðun, enda alkunn staðreynd, að þarna eru einhverjar mestu uppeldisstöðvar þorsks á íslensku landgrunni.

Samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að hvergi verði togveiðar leyfðar nær landi en 12 sjómílu frá viðmiðunarlinu fyrir Norðurlandi ennfremur ekki nær fjörumarki Grímseyjar og Kolbeinseyjar en 12 sjómílu. Samkvæmt gildandi lögum er bátum 350 brúttórúmllestir og minni heimilt að veiða upp að 9 sjómílu frá tilteknum punktum fyrir Norðurlandi og öllum skipum upp að 9 sjómílu frá fjörumarki Grímseyjar og upp að 3 sjómílu frá fjörumarki Kolbeinseyjar. Í þessu sambandi skal það tekið fram, að togveiðar hafa með reglugerð verið bannaðar 12 sjómílu umhverfis Kolbeinsey frá því í lok maí 1975.

Sú breyting að miða ekki lengur við grunnlínu, sbr. almenna greinargerð, heldur sérstaka lögbundna viðmiðunarlinu hefur engin áhrif á togveiðiheimildir fyrir Norðurlandi vegna þess að í gildandi lögum er fyrir Norðurlandi ekki miðað við grunnlínupunkta heldur sömu punkta og í frumvarpinu eru gerðir að viðmiðunarpunktum.

Á það skal bent, að frumvarp þetta breytir í engu sérstökum reglugerðum um friðunarsvæði, sem nú eru í gildi um tvö slík svæði fyrir Norðurlandi, auk Kolbeinseyjarsvæðisins. eru það svæðin í Reykjafjarðarál og svæðið milli Rifstanga og Langaness.

B. Austurland.

Á svæði frá Langanesi að Hvítungum er í frumvarpinu sú breyting gerð, að Skálatáarsker á Digranesi er gert að viðmiðunarstað, en samkvæmt gildandi lögum er grunnlínan dregin beint úr Langanesi í Glettinganes. Þessi breyting leiðir til þess að aðeins viðtækari heimildir verða til togveiða fyrir stærri skip á Digranesflaki. Hins vegar kemur þar á móti, að fellt er niður togsvæðið fyrir báta 350 lestir og minni milli Langaness og Ósflesar, sem opið er allt árið og nær allt upp að þremur sjómílu frá fjörumarki í Héraðsflóanum.

Samkvæmt frumvarpinu eru togveiðar öllum heimilar utan línu, sem dregin er 12 sjómílu utan við viðmiðunarlinu, eins og er í gildandi lögum sbr. þó svæðið milli Langaness og Ósflesar.

Að miða við sérstaka viðmiðunarlinu í stað grunnlínu breytir engu um togveiðiheimildir fyrir Austurlandi, nema því, sem áður er sagt um Skálatáarsker.

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir, að bannaðar verði togveiðar innan línu, sem dregin er í 5 sjómílna fjarlægð um Hvalbak. Í gildandi lögum miðast þetta svæði við 4 sjómílu umhverfis eyna, en var breytt með reglugerð í janúar 1976 í 5 sjómílu.

C. Suðausturland.

Á svæðinu frá Hvítungum að Lundadrang gerir frumvarpið ráð fyrir að reglan verði miklu einfaldari en nú er, án þess að um mjög verulegar breytingar á heildar-togveiðiheimildum verði að ræða.

Skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, verður heimilt, samkvæmt frumvarpinu, að veiða upp að 3 sjómílu frá fjörumarki meginlandsins á þessu svæði. Í þessu felst sú breyting á gildandi lögum, að togveiðar báta í minnsta flokki á svæðinu frá Hvalsnesi og að 18°00'0 v.lg. verða ekki bundnar við tímabilið 1. maí til 1. mars, ennfremur verður fellt niður bann það, sem er á togveiðum innan 6 sjómílna frá grunnlínu á svæði frá Hvalsnesi að 15°45'0 v.lg. á tímabilinu 1. maí til 1. október.

Skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, verður samkvæmt frumvarpinu leyft að stunda togveiðar utan 4ra sjómílna frá viðmiðunarlinu, en samkvæmt gildandi lögum er skipum í miðflokki 350 lestir og minni heimilt að veiða að línu, sem dregin er 4 sjómílu frá fjörumarki meginlandsins á þeim svæðum og tímum, sem minnstu bátunum er heimilt samkvæmt gildandi lögum að veiða upp að 3 sjó-

mílum frá fjörumarki meginlandsins. Að miða heimildir þessara skipa við viðmiðunarlínu en ekki fjörumark breytir verulega um veiðiheimildir þeirra, en hér kemur á móti, að veiðiheimildirnar samkvæmt frumvarpinu eru veittar allt árið en í gildandi lögum eru þær tímabundnar eins og áður hefur verið gert grein fyrir.

Skip, sem eru lengri en 39 metrar, fá veiðiheimildir utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu og eru það sömu veiðiheimildir og skip yfir 350 lestir hafa samkvæmt gildandi lögum.

Skip þessi fá samkvæmt frumvarpi þessu tvö veiðihólf. Eystra hólf, sem samkvæmt frumvarpinu er hið sama og í gildandi lögum, er opið að 9 sjómílum frá viðmiðunarlínu en samkvæmt frumvarpinu er lagt til, að svæði þetta verði opið á tímabilinu 1. maí til 31. janúar en samkvæmt gildandi lögum er það opið frá 1. maí til 1. mars.

Vestra hólf, sem samkvæmt frumvarpi þessu nær frá Ingólfshöfða að Lundadrang, og er skipum í stærsta flokki heimilt á tímabilinu 15. september til 31. janúar að stunda togveiðar upp að 4 sjómílum frá viðmiðunarlínu. Vestara hólf, sem samkvæmt lögum 102/1973 er milli 17°00'0 v.lg. og Lundadrangs og á því svæði mega skip yfir 350 lestum veiða upp að 6 sjómílum frá grunnlínu á tímabilinu 1. ágúst til 31. desember.

Þess skal getið hér, að óverulegur munur er á grunnlínu- og viðmiðunarlínu á þessu svæði, einungis grunnlínupunkturinn Tvísker er ekki tekinn upp sem viðmiðunarstaður.

Að lokum skal á það bent, að á þessu svæði er friðunarsvæðið í Berufjarðará og Papagrunni sbr. reglugerð 65/1976.

D. Suðurland.

Allverulegar breytingar felast í frumvarpi þessu á gildandi veiðiheimildum, á svæðinu milli Lundadrangs og Reykjanesaukavita. Einkum eru hér takmarkaðar veiðar báta í milliflokki (26—39 metrar að lengd), jafnframt er fellt niður svæði fyrir minnsta flokk báta þar sem þeim var heimilt að stunda veiðar alveg að strönd landsins á tímabilinu 1. janúar til 15. september.

Á þessu svæði hafa skip 26 metrar að lengd eða minni heimild að stunda togveiðar utan línu í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins og er það sömu heimildir og skip 105 lestir og minni hafa nú.

Skip, sem eru frá 26—39 metrar að lengd hafa samkvæmt frumvarpinu heimild til þess að stunda togveiðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu á tímabilinu 16. maí til 31. desember. Á öðrum tíma m.a. yfir vetrarvertíðina verða þau að stunda togveiðar utan línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang um punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang. Samkvæmt gildandi lögum hafa skip, sem eru í miðflokki (350 lestir og minni) heimild til togveiða allt árið utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu milli Lundadrangs, Geirfuglaskers, Einidrans, Selvogs, Hópsness og Eld-eyjardrans.

Samkvæmt frumvarpi þessu er skipum í stærsta flokki (lengri en 39 metrar) heimilt að stunda togveiðar utan línu sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang í punkt í 12 sjómílur réttvísandi suður frá Surtsey, þó er þessum skipum heimilt samkvæmt frumvarpinu að stunda togveiðar á áðurgreindu svæði á tímabilinu 1. ágúst til 31. desember upp að línu, sem dregin er úr punkti í 4ra sjómílna fjarlægð frá Lundadrang í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð frá Surtsey. Allt árið er skipum í stærsta flokki heimilt að stunda togveiðar utan línu sem dregin er úr punkti 4 sjómílur réttvísandi frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi frá Geirfugladrang.

Samkvæmt gildandi lögum hafa skip, sem eru stærri en 350 lestir, heimild til þess að stunda veiðar utan 12 sjómílna frá grunnlínu á þessu svæði. Jafnframt hafa þau tvö tímabundin veiðihólf.

Híð eystra nær frá Lundadrang að 21°00'0 v.lg. og veitir þeim togveiðiheimild upp að 6 sjómílum frá grunnlínu á tímabilinu 1. ágúst til 31. desember. Híð vestra veitir þeim togveiðiheimild upp að 4 sjómílum frá grunnlínu tímabilið 1. janúar til 15. maí á svæði frá 21°00'0 v.lg. að línu réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita.

Togveiðiheimildir þær, sem hérna hefur verið lýst, takmarkast af friðunar-svæðinu á Selvogsbanka sbr. reglugerð 17/1976.

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

Á þessu svæði verða samkvæmt frumvarpinu óverulegar breytingar á togveiðiheimildum gildandi laga fyrir báta í minnsta og miðflokki þó færast togveiðilínar aðeins inn í norðanverðum Faxaflóa, jafnframt er lagt til, að felld verði úr gildi heimild skipa í minnsta flokki (105 lestir og minni) til togveiða upp að 3 sjómílum frá fjörumarki á svæði frá línu réttvísandi suðvestur úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi.

Samkvæmt frumvarpinu er skipum 39 metrar að lengd og minni heimilt að veiða á svæði frá Reykjanesaukavita að Skálasnaga utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

Samkvæmt gildandi lögum er skipum 350 lestir og minni heimilt að stunda togveiðar utan línu, í 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins á svæði frá Reykjanesaukavita að línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi, þaðan utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílur 240° réttvísandi frá Hafnarbergi í punkt í 4 sjómílur réttvísandi frá Garðskaga og þaðan í punkt í 4 sjómílur réttvísandi suðvestur af Gálavíkurtanga.

Breyting á togveiðiheimildum stærstu skipanna er sú, að þeir fá auknar heimildir suðvestur af Reykjanesi.

Samkvæmt frumvarpinu fá skip, sem lengri eru en 39 metrar, heimild til togveiða utan línu, sem dregin er 5 sjómílur utan við Geirfugladrang, úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt í 6 sjómílna fjarlægð réttvísandi frá Skálasnaga, ennfremur er þessum skipum heimilt að stunda togveiðar utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu á svæði, sem markast af línunum dregnum réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita og réttvísandi vestur frá Reykjanesvita.

Samkvæmt núgildandi lögum er skipum í stærsta flokki (yfir 350 lestir) heimilt að stunda togveiðar utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan grunnlínu, á svæði frá línu réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita að línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi, þaðan að línu réttvísandi suðvestur frá Gálavíkurtanga er þessum skipum heimilt að stunda togveiðar utan línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við grunnlínu.

F. Breiðafjörður.

Á þessu svæði verða samkvæmt þessu frumvarpi ekki neinar breytingar á gildandi togveiðiheimildum. Þær breytingar, sem eru gerðar á orðalagi þessarar greinar stafa eingöngu af því, að nú er miðað við sérstakar viðmiðunarlínur en ekki grunnlínu og ennfremur miðast togveiðiheimildir skipa við lengd þeirra en ekki brúttórúmllestir.

Takmarkanir eru gerðar á togveiðiheimildum á þessu svæði með reglugerð nr. 17/1976.

G. Vestfirðir.

Fyrir Vestfirðum eru engar breytingar gerðar á gildandi togveiðiheimildum með frumvarpi þessu. Vísast því til athugasemda við F-lið þessarar greinar.

Um 4. gr.

Þessi grein er tekin óbreytt úr nágildandi lögum og þykir ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 5. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 4. gr. laga 102/1973, þó er heimild ráðherra gerð nokkru viðtækari, því samkvæmt gildandi lögum er honum aðeins heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra utan 12 sjómilna frá grunnlínu, þó þannig að heimilt er honum að setja með auglýsingu sérstök línu- eða netasvæði innan 12 sjómilna frá grunnlínu. Þá er í frumvarpi þessu enn fremur felld niður skylda ráðherra til að ákveða friðun fyrir botnvörpu á tilteknum svæðum, þar sem línuveiðar eru stundaðar í ríki mæli, ef fram koma tilmæli um slíkt frá heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna á viðkomandi stöðum sbr. 3. mgr. 4. gr. nágildandi laga.

Með því að hafa ákvæði þetta eins og hér er lagt til í frumvarpinu er hægt að koma við hvers konar skiptingu veiðisvæða milli veiðarfæra, eftir því sem aðstæðurnar krefjast hverju sinni. Yrðu vafalaust sett sérstök línusvæði, ef fram kæmu tilmæli eins og lýst er í 3. mgr. 4. gr. nágildandi laga.

Um 6. gr.

Þessi grein er tekin óbreytt úr nágildandi lögum, sbr. 5. gr. laga 102/1973, og gefur ekki tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 7. gr.

Þessi grein er tekin óbreytt úr nágildandi lögum, sbr. 6. gr. laga 102/1973, að öðru leyti en því, að frumvarpið tekur til allra veiða í íslenski fiskveiðilandhelgi, en nágildandi lög 102/1973 aðeins til veiða með hotnvörpu, flotvörpu og dragnót. Er því hægt með stoð í frumvarpinu að auglýsa ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum t. d. vegna hrygningar fiskis, sem tæki til allra veiðarfæra. Núna þarf að setja reglugerðir um friðunarsvæði vegna hrygningar, með tilvísun bæði í lög 102/1973 og lög 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins.

Um 8. gr.

Grein þessi kemur í stað 7. gr. laga 102/1973. Meginstefnan, sem mörkuð er í 8. gr., er sú, að tekið verði upp eftirlit á miðunum í því skyni að forða óhóflegu smáfiskadrápi.

Í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins segir, að stefnt skuli að því, að auk eftirlits Landhelgisgæslunnar, skuli sérstök eftirlitsskip, sem Hafrannsóknastofnunin geri út, fylgjast með fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni í því skyni að koma í veg fyrir óhóflegt smáfiskadráp. Í grein þessari er ekki kveðið fastar að orði en, að stefnt skuli að þessu, enda er það undir fjárveitingavaldinu komið hvenær slíkir eftirlitsbátar verða að veruleika.

Í 2. mgr. 8. gr. er ráðherra veitt heimild til þess að setja sérstaka trúnaðarmenn um borð í veiðiskip, og skipstjórum skylt að veita þeim þá aðstoð og aðstöðu um borð í skipum, sem ákveðið yrði í erindisbréfum, sem gefin yrðu út til handa þessum eftirlitsmönnum. Yrði hér um að ræða t. d. aðstöðu til þess að athuga afla og veiðarfæri, aðstoð við að komast milli veiðiskipa og aðgangur að talstöðvum veiðiskipa, sbr. 4. mgr. þessarar greinar. Virðist þetta vera sú leið til eftirlits, sem virkust er, en hefur jafnframt minnstan kostnað í för með sér. Í 3. mgr. 8. gr. er síðan skipstjórum eftirlitsskipa, trúnaðarmönnum og enn fremur leiðangursstjórum rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar veitt heimild til þess að loka ákveðnum svæðum í allt að tvo sólarhringa verði þeir varir við verulegt magn smáfisks í afla.

Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. taka þessar lokanir gildi, þegar þær eru tilkynntar í fjarskiptatæki eða útvarpi. Þetta er fljótvirkasta leiðin sem fær þykir, til að þessar lokanir taki gildi.

Í síðustu málsgrein þessarar greinar, er að lokum, þeim sem lokað hefur svæðum gert skylt að hafa samband við Hafrannsóknastofnunina og sjávarútvegsráðuneytið og gera þeim grein fyrir athugunum sínum. Er þessum stofnunum síðan gert skylt innan tveggja sólarhringa að taka ákvarðanir um hvað gera skuli, þ. e. a. s. hvort loka skuli svæðinu með heimild í 6. gr. eða láta frekari athuganir fara fram á svæðinu.

Um 9. gr.

Auk eftirlits á hafi úti ber nauðsyn til að fylgjast með löndunum á fiskafla. Er sú skylda lögð á starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða enda ber þeirri stofnun samkvæmt 5. mgr. 2. gr. laga 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða „í samráði við ráðuneytið að hafa eftirlit með aflasamsetningu fiskiskipa eftir því, sem þurfa þykir og ennfremur, að ekki séu heimildarlaust unnar ofangreindar sjávarafurðir, sem ekki ná lágmarksstærðum þeim, sem fyrir er mælt í lögum og reglum.“ Grein þessi er miðuð við það, að frumvarp til laga um upptöku ólöglegs sjávarafla, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, verði að lögum, en samkvæmt því er það á valdi ráðuneytisins að gera slíkan afla upptækan. Verði þetta frumvarp til laga um upptöku ólöglegs sjávarafla ekki að lögum, gætu starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða kært brot á ákvæðum reglugerðar um lágmarksstærðir beint til hlutaðeigandi sakadóms eins og verið hefur, eða ráðuneytið hefði um það milligöngu.

Loks er í 9. gr. ákvæði um skyldu skipstjóra til að gefa Fiskifélagi Íslands upplýsingar um aflasamsetningu. Um áratuga skeið hafa skipstjórar á togurunum haldið afladagbækur fyrir Fiskifélag Íslands, þar sem skráðar eru margvíslegar upplýsingar um gang veiðanna. Upplýsingar þessar hafa orðið að miklu gagni. Með þeim hefir ekki verið krafist upplýsinga um magn undirmálsfisks sérstaklega. En auðvelt er fyrir Fiskifélag Íslands að óska þeirra upplýsinga einnig, ekki síst þegar skylda til að gefa slíkar upplýsingar hefur verið lögfest. Vonir standa til, að þetta fyrirkomulag geti orðið til að skapa enn aukið aðhald. Ennfremur sem slíkar upplýsingar gætu orðið fiskifræðingum að gagni yrðu þær samviskulega skráðar.

Um 10. gr.

Grein þessi er nýmæli, en þarfnast tæpast skýringa. Ljóst er, að nauðsynlegt kann að reynast að setja reglur um hámark þess afla, sem má taka t. d. af þorski á þessu ári, enda hefur Hafrannsóknastofnunin í raun lagt til slíkan veiðikvóta.

Um 11. gr.

Grein þessi er tekin óbreytt úr gildandi lögum, sbr. 7. gr. laga 102/1973, og þarfnast ekki skýringa. Í þessu sambandi skal getið að nauðsynlegt er að gefa út reglugerð varðandi frágang veiðarfæra skuttogara í fiskveiðilandhelginni, en hann er með öðrum hætti en tíðkast á síðutogskipum, sem þessi grein miðast við. Væri heimilt að gefa út slíka reglugerð með stoð í 12. gr.

Um 12. gr.

Grein þessi er sama efnis og 9. gr. laga 102/1973, sbr. þó það, sem sagt er í almennu greinargerðinni, um mismunandi gildissvið þessa frumvarps og gildandi laga 102/1973.

Um 13. gr.

Þessi grein kemur í stað 1. tl. 10. gr. laga 102/1973. Í þessari grein frumvarpsins felast eftirfarandi breytingar á gildandi ákvæðum: Veitt er aukið svigrúm til

veitingar dragnótarveiðileyfa þar sem lagt er til að veiðitímabilið verði lengt eða geti staðið frá 15. júní til 20. desember ár hvert en í gildandi lögum er veiðitímabilið frá 15. júní til 31. október nema fyrir Norðurlandi, þar sem veiðitímabilið er frá 15. júlí til 30. nóvember. Jafnframt er fellt niður lögbundið bann við dragnóta-veiðum í Faxaflóa, sem samkv. l. 102/1973 stendur til 1. júlí 1976. Á það skal bent, að ráðherra er auðvitað heimilt að stytta veiðitímabilin og banna veiðar á tilgreindum svæðum í leyfisbréfum. Í þessu sambandi skal getið að leyfileg möskvastærð í poka dragnótar hefur verið stækkuð úr 120 mm í 170 mm. Hið aukna svigrúm til dragnótaveiða ætti að geta leitt til aukningar á veiðum á vannýttum kolamiðum, en stækkun möskvans í poka dragnótar hindrar að langmestu leyti, samkvæmt rannsóknnum Hafrannsóknastofnunarinnar, veiðar á smáfiski.

Breyting felst einnig í þessari grein frumvarpsins, að í stað þess að miða veitingu dragnótaleyfa við háta 45 lestir og minni er miðað við lengd skipa eða 20 metrar eða minni. Er þetta í samræmi við það, sem sagt er um „niðurmælingar“ í almennri greinargerð.

Um 14. gr.

1. mgr. 14. gr. frumvarpsins kemur í stað 2.—6. tl. 10. gr. laga 102/1973. Hér er um formbreytingu og einföldun að ræða, en ekki efnisbreytingu, sem ekki þarfnast skýringa. Þykir einsýnt, að gildandi leyfakerfi verði að vera óbreytt áfram, enda virkasta ráðið til eftirlits og aðhalds með þessum veiðum, þar sem notaðar eru smá-riðnar hotnvörpur og flotvörpur á svæðum, þar sem hætta er á seiða- eða smáfiska-drápi.

2. mgr. 14. gr. veitir ráðherra heimild til að leyfshinda aðrar veiðar í tiltekin veiðarfæri. Veiðar t. d. á skelfiski, síld í hringnót og hrognkelsaveiðar hafa verið leyfisbundnar með stoð í lögum 44/1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, en rétt þykir að hafa þessa heimild í þessu frumvarpi.

Um 15. gr.

15. gr. frumvarpsins svarar til 7.—8. tl. 10. gr. laga 102/1973 og þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

16. gr. frumvarpsins svarar til síðustu málsgreinar 10. gr. laga 102/1973 og þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Fiskveiðilaganefndin gerði ráð fyrir í tillögum sínum, að flokkar skipa með tilliti til refsinga fyrir brot yrðu tveir í stað þriggja í gildandi lögum. Í greinaræð með frumvarpi sínu segir nefndin, að „í eðli sínu er brot hið sama eða svipað, hvort heldur það er framið á stóru skipi eða smáu, auk þess sem minni skipin hafa að jafnaði rýmri veiðiheimildir en hin stærri og eiga þar með auðveldara með að staðsetja sig en stærri skipin, þar sem þau veiða nær landi.“

Hér er í grein þessari miðað við lengd skipa í stað brúttórúmllestir og er það í samræmi við sams konar breytingar á veiðiheimildunum.

Gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu að lágmarksrefsing skipa í minni flokknum, sem jafngildir tveimur minnstu flokkunum samkvæmt núgildandi lögum, hækki úr 2000 í 4000 gullkrónur. Hámarksrefsing er aftur á móti hin sama og í gildandi lögum eða 20 000 gullkrónur. Á það skal bent hér, að dómstólar hafa yfirleitt dæmt lágmarksrefsingu fyrir landhelgisbrot báta í minnsta flokki samkvæmt núgildandi lögum.

Lágmarksrefsing skipa í efri flokkunum, sem jafngildir stærsta flokknum samkvæmt núgildandi lögum, lækkar samkvæmt frumvarpinu úr 15 000 í 14 000 gullkrónur, og hámarksrefsingin lækkar úr 60 000 í 40 000 gullkrónur.

Önnur atriði þessarar greinar eru óbreytt frá gildandi ákvæði 11. gr. laga 102/1973.

Loks skal á það bent, að í upphafi greinargerðar nefndarinnar við refsikaflann segir: „Viðurlög við brotum eru ætíð matsatriði. Á það að sjálfsögðu jafnt við fiskveiðilagabrot sem önnur brot. Nefndin er ekki tilbúin til þess að taka afdráttarlausa afstöðu til þessa máls.“

Um 18. og 19. gr.

Þessar greinar frumvarpsins eru teknar að mestu óbreyttar úr gildandi lögum sbr. 12. og 13. gr. laga 102/1973 að öðru leyti en því, að samkvæmt þeim er lágmarksrefsing fyrir brot gegn þessum greinum og reglum settum samkvæmt þeim hækkuð úr 1000 gullkrónum í 2000 gullkrónur. Þá er og hámarksrefsing samkvæmt þessum greinum lækkuð úr 15 000 gullkrónum í 14 000 gullkrónur, til samræmis við ákvæði 17. greinar.

Í 1. mgr. 18. gr. er vísað til laga um upptöku ólöglegs sjávarafla, en frumvarp þess efnis liggur nú fyrir Alþingi sbr. greinargerð með 9. gr. Visast hér til greinargerðar með frumvarpi til laga um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Um 20. gr.

Efni 20. gr. er tekið óbreytt úr gildandi lögum sbr. 14. gr. laga 102/1973. Þó leggur nefndin til að því nýmæli verði bætt inn í þessa grein, að við ítrekun brots gegn lögum þessum megi svipta skip heimild til tiltekinna veiða í allt að 30 daga. Tímalengdin hlýtur sjálfsagt að ákvarðast af eðli brotsins og fyrir nefndinni vakir ekki síst það, að ákvæði þessu sé beitt vegna margítrekaðra landhelgisbrota.

Um 21. og 22. gr.

Þessar greinar eru teknar óbreyttar úr gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.


Um 23. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa. Hér eru felld úr gildi gildandi lög 102/1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni ásamt síðari breytingum með lögum 14/1974 og 72/1975.


Ákvæði laga nr. 73 5. desember 1975 halda þó gildi sínu, en þessi lög taka til brota þýskra togara innan fiskveiðilandhelginnar, meðan samkomulag milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands er í gildi. Ennfremur er í þessari grein tekið ótvírætt fram, að þær reglugerðir, sem settar hafa verið með stoð í lögum 102/1973 t. d. um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu, lágmarksstærðir fisktegunda og reglugerðir um friðunarsvæði, halda gildi sínu.


Um 24. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa. Hér er ekki sett í frumvarpið ákveðið tíma- mark hvenær lögín skuli öðlast gildi, enda hlýtur það að vera undir framgangi þess á Alþingi komið.



Heimild til botnvörpu- og flotvörpuveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands samkv. frumvarpi þessu.





Friðunarsvæði í fiskveiðilandhelgi Íslands, 27. apríl 1976.